


Gildandi skipulag m.s.br.




Deiliskipulagsbreyting. Uppdráttur - vestur




Deiliskipulagsbreyting. Uppdráttur - austur

Aðalskipulag Akureyrar 2018-2030
Séruppdráttur, Akureyri - þéttbýli

Mkv. 1:10.000




## SKÝRINGAR

- SKIPULAGSMÖRK
- LÓÐARMÖRK
- GÖNGU- / HJÓLABRAUT
- GÖNGUSVÆÐI
- GRJÓTHLEÐSLA
- BYGGINGARREITUR
- NÚMER BYGGINGARREITS
- NÚVERANDI HÚS SEM VÍKJA
- AKBRAUTIR, BÍLASTÆÐI
- ATHAFNASVÆÐI
- BRYGGJUR
- AÐFLUGSLJÓS
- OPIÐ SVÆÐI
- NÚVERANDI STRANDLENGJA
- NÝ STRANDLENGJA
- LANDFYLLING
- SJÓR
- NÚVERANDI DÝPTARLÍNUR
- NÝJAR DÝPTARLÍNUR
- FRAMTÍÐAR LANDFYLLING
- ÁNINGARSTAÐIR
- GÖNGUSTÍGUR
- HJÓLASTÍGUR
- VIKTARPLAN
- NÚVERANDI BYGGING

## SAMÞYKKTIR

Deiliskipulagsbreyting þessi hefur verið auglýst skv. 1. mgr. 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 m.s.br. frá ________ til ________ var samþykkt í
bæjarstjórn þann __________ 20____

_____________________________

Auglýsing um gildistöku deiliskipulagsins var birt í B-deild Stjórnartíðinda þann __________ 20___

## GREINARGERÐ

**Almennt**

Um er að ræða breytingu á deiliskipulaginu Höepfnersbryggja – Siglingaklúbburinn Nökkvi, sem tók gildi með auglýsingu í B-deild Stjórnartíðinda þann 5. nóvember 2012. Gerðar hafa verið tvær breytingar á skipulaginu, sú fyrri tók gildi þann 22. nóvember 2017 en sú síðari 20. júní 2022, þar sem landfyllingu fyrir aðflugsljós var bætt inn.

Breyting þessi er í samræmi við Aðalskipulag Akureyrar 2018-2030, sbr. breytingu *Stígakerfi Akureyrar* sem tók gildi þann 29. janúar 2021.

Leirustígur hefur sérstöðu í stígakerfi Akureyrar þar sem hann liggur meðfram strönd, að hluta til utan byggðar og er þannig ólíkur stórum hluta stígakerfisins. Strandsvæðið er nýtt af Siglingaklúbbnum Nökkva og hefur samráð verið haft við klúbbinn um skipulag svæðisins.

Markmið breytingarinnar er að skapa skilvirkt stígakerfi í aðlaðandi umhverfi sem hvetji til notkunar. Áhersla er lögð á öryggi og vellíðan vegfarenda og notenda svæðisins.

**Deiliskipulagsbreytingin**

Breytingin nær til göngu- og hjólastígs við Leiruveg og skipulagssvæðið er stækkað að sveitarfélagsmörkum á Leirubrú. Göngu- og hjólastígur verður aðskilinn í tvo samsíða stíga, göngustíg og hjólastíg. Landfyllingar og útivistarsvæði norðan við stíga breytast til að auka upplifun og útivistarmöguleika í tengslum við stíga og aðgengi að strönd.

Landfylling minnkar í 1,7 ha. Heildarefnisþörf er 26.000 $m^3$, þar af eru 10.000 $m^3$ af grjóti í rofvörn og 16.000 $m^3$ af fyllingarefni. Endurnýta skal núverandi fyllingu og rofvörn við þjóðveginn eins og kostur er. Umframefni skal sótt í opnar námur á Eyjafjarðarsvæðinu.

Gert er ráð fyrir tveimur nýjum bryggjum á útivistarsvæðinu og fjórum áningarstöðum meðfram stígum á skipulagssvæðinu. Stígar og áningarstaðir skulu hannaðir með ólíka notendahópa í huga, með áherslu á gott aðgengi fyrir alla. Áhersla skal lögð á upplifun og útvistargildi svæðisins og að mótun þess hvetji til notkunar stíganna. Leggja skal áherslu á skjólmyndun s.s. með runna- og trjágróðri við áningarstaði. Huga skal að því að gróður þoli vind, seltu og þurrk. Svæði á milli göngustígs og hjólastígs skal nýtt til meðhöndlunar ofanvatns. Leitast skal við að lágmarka neikvæð áhrif á dýralíf og huga að mótvægisaðgerðum s.s. að endurheimta búsvæði fugla. Sérstök áhersla skal lögð á myrkurgæði við lýsingarhönnun á svæðinu.

Huga skal að tengslum svæðisins við aðstöðu siglingaklúbbs á svæðinu. Landmótun skal miða við að nýta möguleika til að bæta aðstöðu til æfinga klúbbsins s.s. með víkum, eyjum og/eða rifi.

Taka skal tillit til nálægðar við flugvöll og aðflugsljós vallarins norðan flugbrautar sem standa á landfyllingu sem nær frá enda flugbrautar og norður fyrir Leiruveg.

Stígarnir liggja að sveitarfélagsmörkum á Leirubrú en gert er ráð fyrir að þar tengist þeir stígakerfi Eyjafjarðarsveitar. Endanleg lega og útfærsla stíga um Leirubrú liggur ekki fyrir en gert er ráð fyrir að göngu- og hjólaleiðin verði aðskilin frá bílaumferð með nýrri brú norðan við núverandi brú.

Að öðru leyti gilda öll ákvæði gildandi skipulags.

**Umhverfisáhrif**

Talið er að deiliskipulagsbreytingin hafi jákvæð áhrif á samfélag og landslag. Skipulagið hvetur til útivistar og hreyfingar í aðlaðandi umhverfi. Hugað er að öryggi og aðgengi fyrir alla. Skipulagið mun hafa varanleg áhrif á vatnsflæði og áhrif á strandlínu en er þó tengd strandlínu sem varð til við byggingu Leiruvegar. Mikilvægt er að við hönnun verði til svæði sem geta rúmað vistgerðir og búsvæði fugla og smádýra.

**Málsmeðferð**

Deiliskipulag þetta var auglýst, skv. 1. mgr. 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010, frá 24. ágúst með athugasemdafresti til 9. október.

Gerðar voru breytingar eftir auglýsingu sem fólust í fækkun áningarstaða úr sjö í fjóra í samræmi við umsögn Vegagerðarinnar.

Tafla 1. Umhverfisáhrif

| Umhverfisþættir | Áhrif skipulags-áætlunar | | | | Skýring |
|---|---|---|---|---|---|
| | - | + | -/+ | ? | |
| Sjór - vatnsflæði | | | x | | Líkt og í gildandi skipulagi eru áhrif sjóvarnargarðs á straum sjávar talin óveruleg. Gera má þó ráð fyrir að sandsöfnun aukist og að áhrifin verði varanleg, en það er háð útfærslu. |
| Líf í sjó – vistgerðir/búsvæði | | | | x | Náttúruleg sandsöfnun hefur verið á svæðinu vegna fyrri framkvæmda, en það hefur haft áhrif á vistgerðir/búsvæði. Þau áhrif verða áfram til staðar en með mótvægisaðgerðum má að einhverju marki endurheimta fyrri gæði, m.a. má endurheimta og auka tækifæri fyrir vistgerðir/búsvæði. |
| Félagslegt umhverfi – útivist og tómstundir | | x | | | Bætt öryggi á stígum og aðlaðandi umhverfi sem hvetur til hreyfingar og útivistar er líklegt til að hafa verulega jákvæð áhrif á félagslegt umhverfi. |
| Landslag - ásýnd | | x | | | Leiruvegur er á landfyllingu og ber svæðið einkenni af því. Landmótun með áherslu á upplifun og tengsl við sjó er líkleg til að hafa jákvæð áhrif á landslag og útivist. Áhrifin eru þó háð útfærslu. |



Dæmi um útfærslu á stígum og umhverfi í kringum þá.



Dæmi um útfærslu á stígum og umhverfi í kringum þá.

V:\21\21395\teikn\+U\U20\21395-DSK breyt-Hoepfnersbryggja.dwg

# AKUREYRARBÆR

Höepfnersbryggja - Siglingaklúbburinn Nökkvi

DEILISKIPULAGSBREYTING - Leirustígur

Skipulagsuppdráttur og greinargerð

| | | |
|---|---|---|
| MKV. 1:1000/A0 | DAGS. 30.06.2022 | VERKFANG: 21395-003 |
| UNNIÐ AF: ÞRS | RÝNT: AKA / EBK | SAMÞ: EBK |

VERKÍS